

"Eg veit það ekki," sagði hann og hristi höfuðið. "Hann var hér fyrir einni eða tveimur klukkustundum; hann var hér í gær."

Hún þreif í handlegginn á honum. "Hvar er hann nú? Hvað hefir þú gert við hann?"

Hann sagði henni frá öllu, sem fyrir hafði komið, eftir því sem hann vissi best, og hafði ekki augun af henni á meðan. Hún færði sig fjær honum og stappaði dálítið óþolinmóðlega niður öðrum fætinum á þilfarið.

Hjóróma söngur heyrðist uppi á bryggjunni og færðist nær. Söngmennirnir voru Dick, Sam og matreiðslumaðurinn. Þegar þeir voru komnir alla leið hlyktu þeir út með nokkrum háum tónum og Sam, sem ekki hafði svikist um að drekka, dansaði eins og hann væri álveg búinn að missa vitið.

"Getið þið ekki pagað?" kallaði skipstjórinn upp til þeirra byrstur, því það var auðséð að Önnu var ekki farið að líta á blíkuna.

"Gott og vel," sagði Sam hikandi; "eg er að reyna að líta eftir þeim. Varaðu þig að hálsbrjóta þig ekki, Dick."

Dick fór álveg fram á brúnina á bryggjunni og reyndi að halda jafnvæginu þar, til þess að sýna, að hann væri ekki valtur á fótunum; en þegar minst varði misti hann jafnvægið og valt ofan á þilfarið. Hinir komu á eftir, báðir líkt á sig komnir og félagi þeirra.

"Snáfið þið niður!" hrópaði skipstjórinn.

"Já," sagði Dick og skaut sér undan, eins og inn ætti von á einhverju meiru en skipuninni einni. Komdu, Sam, við megum ekki vera hér."

"Það kemur alt til af því, að þú fóret að dansa,